

Ár 2007, föstudaginn 16. nóvember var haldinn fundur eigenda Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 kl. 18:20.

Mætt: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri frá Reykjavíkurborg, Gísli S. Einarsson bæjarstjóri frá Akraneskaupstað og Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri frá Borgarbyggð. Auk þess sátu fundinn stjórnarmenn Orkuveitu Reykjavíkur, Bryndís Hlökkversdóttir, Ástráður Haraldsson, Jón Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon ásamt forstjóra.

Formaður stjórnar OR setti fund og skipaði Þórunni Guðmundsdóttur hrl. fundarstjóra. Fundarstjóri óskaði eftir umboðum fundarmanna og óskaði athugasemda við boðun fundar eða að Eiríkur Hjálmarsson yrði fundarritari. Engar komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

1. Málefni REI

Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

Eigendafundur í OR samþykkir, m.a. með vísan til þess vafa sem þykir vera um lögmæti eigendafundar OR frá 3. október sl., þeirra upplýsinga sem hafa komið fram varðandi fyrirhugaðar eignabreytingar í REI og ráðgerðan samruna REI hf. og GGE hf., svo og um forsendur sem virðast hafa verið lagðar framangreindu til grundvallar, að falla frá fyrri samþykkt sinni frá 3. október sl. að því er eftirfarandi atriði varðar, sbr. og bókun stjórnar OR frá 2. nóv. sl.:

- a) OR kaupi nýtt hlutafé í REI að fjárhæð kr. 2.600.000.000, á genginu 1,0 sem staðgreiðist fyrir 1. febrúar 2008.
- b) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki að hlutir félagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf., að bókfærðu verði kr. 8.674.611.-, verði lagðir inn sem hlutafé í REI á genginu 2,7 og fái hlutafé í REI að nafnvirði kr. 3.209.276 sem undanfari samruna REI og Geysis Green Energy.
- c) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki samning við REI um aðgang að tækniþjónustu o.fl., dags. 3. okt. sl.
- d) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki samruna REI við Geysi Green Energy hf. skv. „fyrirliggjandi samningi um breytingar á eignarhaldi REI og samruna REI við Geysi Green Energy“.

Samþykkt.

Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

Með vísan til hagsmuna OR og gagnvart öðrum hluthöfum í REI staðfestir eigendafundur í OR þá ákvörðun stjórnar OR, sbr. bókun á fundi 2. nóv. sl., og í dag að OR sé heimilt að kaupa nýtt hlutafé í REI að fjárhæð kr. 2.600.000.000 á genginu 1.0 sem staðgreiðist fyrir 1. febrúar 2008, eða fyrr, sbr. áskriftarsamning dags. 6. okt. 2007.

Samþykkt.

Borgarstjóri lagði til að forstjóra OR verði falið að leita sátta í málaferlum Svandísar Svavarsdóttur gegn Orkuveitu Reykjavíkur, stefnanda að skaðlausu.

Samþykkt.

Borgarstjóri kynnti svohljóðandi samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 15. nóvember sl.

GSE
PSB

Þá er borgarstjóra falið að beita sér fyrir viðræðum ríkis, sveitarfélaga og meðeigenda í Hitaveitu Suðurnesja um framtíð fyrirtækisins í því skyni að tryggja að auðlindir og almenningsveitur verði í eigu almennings.

Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórnarformanni er falið að ræða við aðra eigendur Reykjavík Energy Invest og Geysi Green Energy um stöðu og framhald málsins og gera eigendum grein fyrir framgangi viðræðna á eigendafundi að viku liðinni.

Samþykkt

Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi bókun meirihluta borgarráðs Reykjavíkur frá 13. nóvember.

Nýr meirihluti í Borgarstjórn Reykjavíkur telur að full efni séu til heildstæðrar skoðunar á fyrirætlunum OR, virkjanir, stöðu allra framkvæmda, allra viljayfirlýsinga og samninga, auk yfirlits yfir þá aðila sem hafa óskað eftir viðræðum um orkukaup. Í ljósi þessa felur borgarráð borgarstjóra að kalla eftir umræddum upplýsingum á fyrirhuguðum eigendafundi Orkuveitunnar.

Lögð fram svohljóðandi bókun eigenda

Í ljósi þess umróts sem verið hefur um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, lýsir eigendafundur OR því yfir að eigendur standa einhuga á bak við fyrirtækið og starfsfólk þess í þeim mikilvægu og vandasömu verkefnum sem Orkuveitan og starfsfólk hennar vinnur.

Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

Eigendafundur samþykkir að fresta fundi til föstudagsins 23. nóvember n.k. 14:00.

Samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 19:07.

Gísli S. Einarrson.

Páll S. Þorgeirsson

Arnt Egg